

27. apríl 2018/MDB

Niðurstöður 21. háskólaþings Háskóla Íslands 13. apríl 2018

Háskólaþing Háskóla Íslands var haldið í 21. sinn 13. apríl 2018. Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008. Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Þingið tekur þátt í að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvaðeina sem varðar starfsemi Háskóla Íslands og ráðið getur einnig falið þinginu umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Háskólaþing er ályktunarbært um þau málefni sem það telur að varði hag háskólasamfélagsins.

Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða og deildarforsetar. Þar sitja jafnframt kjörnir fulltrúar úr röðum akademískra starfsmanna Háskólans, samtaka háskólakennara, starfsmanna við stjórnslu, stofnana sem starfa samkvæmt sérlægum eða tengjast háskólanum sérstaklega og fulltrúar samtaka nemenda. Að jafnaði sækja um 90 fulltrúar háskólaþing. Þinginu var streymt gegnum háskólavefinn.

Fjögur mál voru á dagskrá háskólaþings að þessu sinni.

Fyrst reifaði rektor mál sem eru efst á baugi í Háskóla Íslands.

Annað málið á dagskrá þingsins var kjör þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð fyrir tímabilið frá 1. júlí 2018 til 30. júní 2020. Í 6. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 er kveðið á um skipan háskólaráðs í háskóla þar sem eru fleiri en 5.000 nemendur. Þar kemur fram að auk rektors eigi sæti í ráðinu tíu fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn. Þetta eru:

1. Þrjú fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólafundi [háskólaþingi í HÍ].
2. Tveir fulltrúar tilnefndir af heildarsamtökum nemenda við háskólann.
3. Tveir fulltrúar tilnefndir af mennta- og menningarmálaráðherra.
4. Þrjú fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Í 3. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 er mælt fyrir um hvernig staðið skuli að tilnefningu og kjöri fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð.

Úrslit atkvæðagreiðslunnar urðu sem hér segir:

1. Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði.
2. Guðrún Geirsdóttir, dósent við Kennaradeild á Menntavísindasviði og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands.

3. Ólafur Pétur Pálsson, prófessor við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.
4. Sigrún Ólafsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild á Félagsvísindasviði.
5. Jón Ólafsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði.
6. Lárus Thorlacius, prófessor við Raunvísindadeild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Þeir frambjóðendur sem voru í fyrstu þremur sætunum verða aðalmenn í háskólaráði, en þeir sem voru í næstu þremur sætum verða varamenn, þannig að Sigrún verður varamaður Ingibjargar, Jón verður varamaður Guðrúnar og Lárus verður varamaður Ólafs Péturs.

Þriðja mál á dagskrá var kynning á drögum að gæðastefnu og gæðakerfi Háskóla Íslands. Sigurður Magnús Garðarsson, formaður gæðanefndar háskólaráðs og Áslaug Helgadóttir, gæðastjóri Háskóla Íslands, gerðu grein fyrir málinu. Málið var rætt og svöruðu þau Sigurður Magnús og Áslaug spurningum þingfulltrúa. Að umræðu lokinni bar rektor upp tillögu um að fyrirbyggjandi drög að gæðastefnu og gæðakerfi Háskóla Íslands verði lögð fyrir háskólaráð að fengnum umsögnum fræðasviða, starfsnefnda háskólaráðs og Stúdentaráðs og með hliðsjón af framkomnum sjónarmiðum á háskólaþingi. Var tillaga rektors samþykkt einróma.

Fjórða og síðasta mál á dagskrá háskólaþings var endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda og Áslaug Helgadóttir, gæðastjóri, gerðu grein fyrir málinu og var það rætt. Beindu þær Guðbjörg Linda og Áslaug völdum spurningum til þingfulltrúa sem ræddu þær í hópum. Einnig fluttu þeir Arnar Pálsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild og Vilhjálmur Árnason, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild stuttar hugleiðingar um matskerfið.

Í lok þings þakkaði rektor framsögumönnum og fulltrúum á háskólaþingi fyrir góðar og málefnalegar umræður, sleit þinginu og bauð fundarmönnum að þiggja léttar veitingar í anddyri og Bókastofu Aðalbyggingar.